

From: Svavar Thorsteinsson [mailto:svavarth@simnet.is]
Sent: 3. júní 2009 08:57
To: Gautur Sturluson
Subject: Athugasemdir við strandveiðifrumvarp – 34. mál

*Alþingi
Erindi nr. P 137/47
komudagur 3.6.2009*

Góðan daginn:

Ég hefði viljað koma eftirfarandi athugasemdum, um strandveiðifrumvarp það sem nú liggur fyrir til afgreiðslu í sjávarútvegsnefnd, á framfæri:

1. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að allir bátar hefji veiðar á sama tíma og veiðum verði framhaldið þar til veiðum á kvóta tiltekins landsvæðis er lokið. Þá sé lokað fyrir allar veiðar á því svæði.

Áhrif þessa fyrirkomulags eru löngu þekkt. Fiskur kemur í land í miklu magni, verðið lækkar mjög mikið á mörkuðum eða í beinum viðskiptum. Fiskvinnslur vinna fiskinn í ódýrari pakkingar til þess að geta annað því magni sem til fellur o.s.frv.

Í stuttu máli má segja að allar veiðar og vinnsla verði á sem óhagkvæmasta hátt.

Einnig er mjög mikilvægt atriði sem ætti að vega þungt gegn því sóknarmarki sem fyrirhugað er, þ.e. slysaætta sjómanna, þar sem róið verður til fiskjar í öllum veðrum á bátum af öllum stærðum og gerðum. Ef dagurinn er ekki nýttur hjá viðkomandi bát þá tapar hann þar með sínum 800 kg. þann daginn. Því munu menn leggja allt í sölurnar til að geta róið uppá hvern dag þann tíma sem veiðar standa yfir.

Í stað þess að úthlutað verði dögum til viðkomandi skipa á tilgreindum landsvæðum, þá legg ég til að úthlutað verði magni því sem viðkomandi skip mega veiða á tilgreindu tímabili.

Fyrirkomulagið verði þannig að sækja skal um leyfi til strandveiða fyrir ákveðinn tíma.

Heildarkvóta viðkomandi landsvæðis verði síðan deilt niður á þá báta sem sækja um. Þannig kæmi ákveðið magn, t..d. 15-20 tonn í hlut hvers og eins og hægt væri að veiða þennan afla allt tímabilið á sem hagkvæmasta og besta hátt.

Næsta ári yrði síðan úthlutað aftur út frá fjölda báta o.s.frv.

2. Tilgangur með strandveiðifrumvarpinu er skv. Því sem stjórnámálamenn hafa lýst yfir, að auðvelda nýliðun í greininni, ásamt því að styrkja veiðar einyrkja.

Ég veit til þess að útgerðir hafa verið að kaupa til sín báta, gagngert með það í huga að, annaðhvort gera þá út á strandveiðar eða selja þá aftu þegar strandveiðifrumvarpið er komið í gegn. Því er ljóst að sama útgerð gæti verið með nokkra báta í útgerð á strandveiðar og þá með áhöfn uppá hlut. Jafnvel útgerð sem er vel sett af kvóta, leigir frá sér kvótann og fer á færaveiðar yfir sumarið.

Ég legg til að frumvarpinu verði breytt þannig að til þess að fá úthlutað veiðileyfi þurfi eigandi sjálfur að róa bátnum, þ.e. þinglýstur eigandi eða framkvæmdastjóri fyrirtækis þess sem skráð er fyrir bátnum.

Með þessu væri tryggður afkomugrunnur þeirra sem stunda veiðarnar, viðhorf almennings til útgerðar smábáta myndi batna, ásamt því að möguleiki til braks með báta myndi stórminka.

Vona að ofangreint verði tekið til athugunar.

Bestu kveðjur:

Svavar Þorsteinsson

S: 897 4707

svavarth@simnet.is